

# 1. fundur 2015-2016 þriðjudaginn 20. október 2015

**Mætt:** Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Unnur Elva, Hafdís Bjarnadóttir, Kristín Hallgrímsdóttir, Árni Hermannsson og Anna Lilja Sigurvinsdóttir.

**Forföll:** Ylfa María og Kristbjörg komust ekki á fundinn.

## Dagskrá fundar:

1. Skipun ritara fundargerða í skólaráði.
2. Reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Skoða reglugerð og ræða.
3. Starfsreglur skólaráðs. Vinna að nýjum starfsreglum.
4. Hugmyndir að umræðuefni skólaársins. Hvað setjum við á dagskrá funda?
5. Fundartímar skólaráðs á skólaárinu.

## Í skólaráðinu sitja eftirtaldir fulltrúar:

- Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri
- Hafdís Bjarnadóttir og Anna Lilja Sigurvinsdóttir, fulltrúar kennara
- Kristín Hallgrímsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna en kennara
- Unnur Elva Vébjörnsdóttir, Árni Hermannsson og Kristbjörg Anna Guðmundsdóttir fulltrúar foreldra
- Ylfa María Lárusdóttir fulltrúi nemenda, **enn á eftir að kjósa nemanda úr 9. bekk**

## Umræðuefni fundar:

1. Skipun ritara fundargerða í skólaráði - Hafdís
2. Reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Reglugerð skoðuð og rædd.
3. Starfsreglur skólaráðs. Unnið að nýjum starfsreglum.
  - ❖ Kristín kynnir starfsreglur skólaráðs.
  - ❖ Rætt um hvort foreldrar vilja sitja í matsnefnd skólans og SMT-stýrihóp. Ekki talin þörf að hafa fulltrúa foreldra í SMT-stýrihóp, heldur frekar ræða SMT á skólaráðsfundum þar sem þrír fulltrúar foreldra sitja.
  - ❖ E.t.v. senda út til allra foreldra póst um áherslur vikunnar.
  - ❖ Stefnt að því að finna fulltrúa foreldra í matsnefnd (sem mætti t.d. einu sinni í mánuði).
  - ❖ Rætt um hvort það er of seint að kjósa fulltrúa foreldra í skólaráð á aðalfundi þar sem hann er haldinn í október. Unnur stingur upp á að færa aðalfund framar á haustið (miðjan sept). Unnur ræðir það í stjórn foreldrafélagsins.
  - ❖ Fundur skólaráðs með foreldrum skólans áætlaður í mars/apríl til að ræða niðurstöður Skólapúls, skólapings og e.t.v. fleiri mál sem eru í brennidepli. Hugmynd um að hafa vöflukaffi á fundinum :)
  - ❖ Starfsreglur skólaráðs samþykktar
4. Hugmyndir að umræðuefni skólaársins.
  - ❖ Ytra mat
  - ❖ Árshátið
  - ❖ Skóladagatal
  - ❖ Niðurstöður Skólapúlsins

- ❖ Niðurstöður samræmdra prófa
- ❖ Heilsueflandi grunnskóli auk annarra mála.

5. Næsti fundur

- ❖ þriðjudaginn 24.nóvember kl. 14:30 - kynning frá heilsunefnd, fjárhagsáætlun, nýting á mötuneyti

Fundargerð ritaði: Hafdís Bjarnadóttir